

Aðalfundur Hitaveitu Gnúpverja 29. ágúst kl. 13:00. Haldinn í fundarherbergi í Árnesi.

Mættir eru: Birkir Þrastarson, Ingvar Þrándarson, Sýlvía Karen Heimisdóttir, Sigrún Símonardóttir, Sigurður Káraon, Sigurður Loftsson, Viðar Gunngeirsson, Guðmundur Arnar Sigfússon og Haraldur Þór Jónsson.

Undir 3. lið fundar kemur fulltrúi frá Rýni endurskoðun ehf, Theodór Ingi Pálmason, í gegnum fjarfundarbúnað.

Lagt er til að Birkir Þrastarson verði fundarstjóri og Sýlvía Karen Heimisdóttir ritari. Samþykkt samhljóða.

Engin athugasemd er gerð við boðun fundarins og telst því fundurinn lögmætur.

1. Fundargerð síðasta aðalfundar lesin upp.
2. Farið er yfir störf félagsins og framkvæmdir á árinu 2024. Stjórn hélt 4 fundi á árinu 2024. Félagið á tvo óuppsetta dæluskúra, búið er að setja upp skúr við Móa og stefnt er að því að setja einn kofa við Stóra Hof. Keyptar voru 500 metrar af lögnum sem stefnt er að því að leggja við Harðabakkakofa. Kostnaður við kaupin voru um 6 millj. kr. Að öðru leyti voru störf veitunnar á árinu hefðbundin.
3. Theodór Ingi kynnir ársreikning fyrir árið 2024 og fer yfir allar lykil tölur. Ársreikningur samþykktur samhljóða. Lagt er til að ekki verði greiddur út arður og er það samþykkt samhljóða. Endurskoðanda falið að skila inn ársreikningi og skattframtali.
4. Umræður um skýrslu stjórnar.
5. Samþykkt er að engar breytingar verði á stjórn, núverandi stjórn heldur áfram. Í Stjórn eru Birkir Þrastarson, Guðmundur Arnar Sigfússon og Ingvar Þrándarson f.h. Skeiða og Gnúpverjahrepps. Varamenn í stjórn eru Sigrún Bjarnadóttir.
Samþykkt að launakjör stjórnar verði óbreytt á milli ára.
Samþykkt að ráða Rýni endurskoðun sem endurskoðanda.
6. Önnur mál.
Gjaldskrárbreytingar. Umræður um gjaldskrá félagsins.
Breytingar verða á gjaldskrá hitaveitunnar til atvinnurekenda til hækkunar úr 25 kr. í 50 kr pr. tonn.
Breytingar verða á gjaldskrá hitaveitunnar til smánotenda til hækkunar þannig að lámarksgjald verði 8.000 kr. á mánuði og innifalið í því er 70 tonn.
Frá og með áramótum 2025/2026 mun fastagjald á þá notendur sem ekki hafa veitt Hitaveitunni heimild til að setja upp nýja rafræna mæla í húsnæðum sínum, þrefaldast.

Hnitsetningar á lögnum Hitaveitunnar. Rætt er um hnitsetningar á lögnum félagsins. Lögð verður áhersla á að klára hnitsetningar fyrir áramótin 2025/2026.

Framtíðarsýn hitaveitunnar. Umræður um framtíð hitaveitunnar og hvernig best verði staðið að uppbyggingu veitunnar til framtíðar. Einar Guðnason sem hefur sinnt utanumhaldi vegna framkvæmda mun draga sig út úr framkvæmdum fyrir veituna og Sigurður Kárasón kemur inn í störf veitunnar. Mikilvægt er að rekstur hitaveitunnar sé tryggð íbúum öllum til heilla.

Engin fleiri mál lögð fyrir.

Fundi slitið kl. 14:20.